

84 Staðfesting konungs á stofnskrá fyrir „Þórunnarsjóð“, útgefin
14. okt. á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra,
14. október 1929. Stofnskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

fyrir

Þórunnarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórunnarsjóður, stofnaður 1927, af Kvenfélagi Fljótshlíðar, til minningar um frú Þórunni Jónsdóttur frá Sámsstöðum. Stofnfé sjóðsins er kr. 178 — eitt hundrað sjötíu og átta krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja gamalmenni, sem heimili eiga í Fljótshlíðarhreppi.

3. gr.

Sjóðinn skal auka með minningarspjaldasölu og öðrum þeim ráðum, sem Kvenfélaginu þykja viðeigandi, sem og vöxtum, er leggjast óskertir við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 1500,00, en úr því má verja $\frac{3}{4}$ af vöxtunum og öðru því, er sjóðnum kann að áskotnast, samkvæmt tilgangi hans, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggist ávallt við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi þrjár konur úr kvenfélagi Fljótshlíðar, kosnar á aðalfundi þess til eins árs í senn, og skal ein þeirra jafnan vera gjaldkeri, en að öðru leyti skifta þær sjálfar með sér verkum. Þær gera tillögur um aukning sjóðsins og úthlutun hans samkvæmt 2. gr., og skulu allar slíkar tillögur bornar undir samþykki aðalfundar eða aukafundar í félaginu.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

6. gr.

Nú hættir Kvenfélagið störfum eða leggst niður, og skal þá sjóðnum þar eftir vera stjórnað af prestinum í Breiðabólstaðar-

prestakalli í Fljótshlíðarhreppi, fyrsta sýslunefndarmanni og hrepps-
nefndaroddvita sama hrepps. 84
14. okt.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á stofnskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi Kvenfélags Fljótshlíðar, 12. dag
júlímánaðar 1929.

Guðríður Jónsdóttir
Hlíðarendakoti (gjaldkeri).

Anna Jóhannsdóttir
Torfastöðum.

Guðrún Pétursdóttir
Núpi.

REGLUGJÖRÐ

85
16. okt.

fyrir

rafveitu Búðakauptúns, Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Rafveita Búðakauptúns er fyrirtæki, sem stofnað er til á kostnað hreppsins, í þeim tilgangi, að veita íbúum Búðakauptúns raforku til heimilisnotkunar og annara þarfa, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir.

2. gr.

Yfirstjórn rafveitunnar er í höndum hreppsnefndarinnar. — Framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd, er hreppsnefndin kýs með hlutfallskosningu til þriggja ára í senn.

3. gr.

Rafveitunefnd skipa 3 menn, og kýs hún sér formann og féhirðir. Hún sér um umbætur og allt, er að starfrækslu rafveitunnar lýtur, sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil.

4. gr.

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar, sjá um, að ætíð sé fyrirliggjandi nægilegt efni til reksturs og viðhalds á búnaði öllum. Skal hún halda glögga bók yfir tekjur og